

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2024/843

2024/EES/69/50

frá 6. mars 2024

## um að leiðrétta portúgölsku tungumálaútgáfuna af II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 um aukefni í matvælum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 10. gr.,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum <sup>(2)</sup>, einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í portúgölsku tungumálaútgáfunni af II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 eru rangar þýðingar á hugtaki í D-hluta í dálkinum „Heiti“ undir lið „03.“ í töflunni „Matvælaflokkar“, sem og í E-hluta í lýsingunni á flokki (fyrirsögn), númer flokks „03“, í töflunni „Leyfileg matvælaaukefni og skilyrði fyrir notkun í matvælaflokkum“ og í færslunni E 405 í dálkinum „Takmarkanir/undanþágur“ sem þrengja umfang vara þar sem hægt er að nota tiltekin matvælaaukefni.
- 2) Í portúgölsku tungumálaútgáfunni af III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er röng þýðing á hugtaki í 4. hluta í fyrstu línu dálksins „Bragðefnaflokkar sem heimilt er að bæta aukefninu við í“ í færslu E 423 í töflunni „Matvælaaukefni, þ.m.t. burðarefni í matvælabragðefni“ sem þrengir umfang vara þar sem hægt er að nota tiltekin matvælaaukefni.
- 3) Því ætti að leiðrétta portúgölsku tungumálaútgáfuna af II. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á hinar tungumálaútgáfnar.
- 4) Þessar röngu þýðingar voru innleiddar með tveimur gerðum framkvæmdastjórnarinnar, þ.e. reglugerðum (ESB) nr. 1129/2011 <sup>(3)</sup> og (ESB) 2015/647 <sup>(4)</sup>. Á grundvelli þeirra heimilda sem Evrópuþingið og ráðið veittu framkvæmdastjórninni í 3. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 til að breyta þeirri reglugerð samþykkir framkvæmdastjórnin því þessa leiðréttingargerð.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður sem var skilað áður en reglugerðir (ESB) nr. 1129/2011 og (ESB) nr. 2015/647 voru samþykktar.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/843, 8.3.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2024 frá 5. júlí 2024 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

(2) Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 frá 11. nóvember 2011 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 með því að koma á fót skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum (Stjtið. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 1).

(4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/647 frá 24. apríl 2015 um breytingu og leiðréttingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun tiltekinna matvælaaukefna (Stjtið. ESB L 107, 25.4.2015, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

(á ekki við um íslensku útgáfunu)

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. mars 2024.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

\_\_\_\_\_